



**Hvatning
frá
forseta Íslands**

Göngum saman – Öðrum til góðs

Í þrengingum okkar Íslendinga höfum við fundið hve ríkur þáttur Rauða krossins er í hjálparstarfi. Þúsundir landsmanna hafa notið aðstoðar hans og náð tökum á lífi sínu; þrátt fyrir áföll sem í fyrstu lömuðu kjark og getu til daglegra verka.

Við höfum séð á okkar eigin velli hvernig Rauði krossinn bætir samfélagið; réttir hjálparhönd; leiðir unga sem aldna á nýjar brautir.

Íslenski Rauði krossinn hefur víðar axlað ábyrgð; rekið árangursríkt hjálparstarf í annarri álfu þar sem fátæktin er sannarlega sár og baráttan fyrir sjálfu lífinu háð á hverjum degi.

Rauði krossinn hefur líka verið merkisberi Íslands þegar jarðskjálftar og náttúruhamfarir í fjarlægum löndum hafa skapað skyndilega neyð og liðssveitir Rauða krossins oft verið með þeim fyrstu á vettvang.

Íslendingar – þjóðin öll – hafa dyggilega stutt Rauða krossinn í öllu þessu starfi.

Sú góða hefð hefur skapast að fjölskyldur, foreldrar og börn, vinir og skólafélagar hafa hlýtt kalli Rauða krossins og gengið í þágu góðra málefna; knúið dyra í götum og húsaröðum um landið allt.

Enn á ný leitar Rauði krossinn til okkar og ég hvet alla til að koma á vettvang. Það yrði verðug þakkargjörð fyrir allt það góða sem Rauði krossinn hefur gert fyrir íslenskt samfélag og þá sem um sárt eiga að binda í fjarlægum löndum þar sem fátækt og illvígir sjúkdómar setja svip á sérhvern dag.

(undirskrift)